



– fyrir íslenska verslun

Nefndasvið Alþingis
B.t. félags- og tryggingamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. júní 2009

Efni: Umsögn FÍStjórnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10/2004, um starfsmenn í hlutastörfum, 70. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009.)

I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtrar félags- og tryggingamálanefndar Alþingis dagsett 11. júní 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍStjórnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10/2004, um starfsmenn í hlutastörfum, 70. mál, EES-reglur, brottfall undanþágna.

FÍStjórnun telur að umrætt frumvarp geti einungis verið til bóta enda hefur Eftirlitsstofnun EFTA talið þær undanþágur sem eru í 3. og 4. mgr. 2. gr. laganna of víðtækar. Tilvist framangreindra ákvæða samrýmist ekki tilgangi tilskipunar ráðsins nr. 97/81/EB og gerir FÍStjórnun því ekki athugasemdir við brottfall þeirra.

II. Ábendingar

Að mati FÍStjórnunar gefur frumvarpið ekki tilefni til sérstakra ábendinga.

III. Annað

Að lokum áskilur FÍStjórnun sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Harpa Samúelsdóttir lögfræðingur
f.h. Páls Rúnars M. Kristjánssonar hdl.



– fyrir íslenska verslun